

Ársfundur Fjár- og Hjarðhundadeildar 23.04.2018

Fundur er settur 20:06 á skrifstofu félagsins.

Í stjórn sitja: Hillmar Sigurgíslason (formaður), Svanborg Magnúsdóttir (gjaldkeri), Guðríður Eva Þórarinsdóttir (Ritari), Birna Sólveig Kristjónsóttir og Sunna Dís Jensdóttir.

Af stjórnarmeðlimum eru allir mættir á fundinn, nema Birna forfallaðist og sá sér ekki fært að mæta.

1. Guðríður Eva er samþykkt af fundinum sem ritari fundsins og Ingibjörg Ólafsdóttir fundarstjóri.
2. Hilmar Sigurgíslason formaður Fjár- og Hjarðhundadeildar les skýrslu Stjórnar fyrir árið 2017, hana má í heild sinni lesa á heimasíðu deildarinnar.
3. Svanborg fer yfir ársreikning 2017:
Innistaða á reikningi félagsins er 345.984kr
Útgjöld voru engin á árinu.
4. Skýrslur tengiliðia fyrir árið 2017:
 - Guðríður les skýrslu Australian cattle Dog fyrir hönd Jóhönnu.
 - Ásgerður Atla les skýrslu fyrir Australian Shepherd
 - Enginn skýrsla skilaði sér frá Bearded Collie
 - Hjördís Ágústsdóttir les Skýrslu White Swiss Shepherd
 - Guðrún les skýrslu Border Collie
 - Svana les skýrslu Briard fyrir hönd Valdísar.
 - Guðríður Eva les skýrslu Collie fyrir hönd Guðríðar Magnúsdóttur
 - Engin skýrsla skilaði sér frá Corgie, Kristlaug elín er á fundinum og tilkynnir að lítið hafi skeð á árinu annað en að einn hundur var sýndur á tveimur sýningum.
 - Engin skýrsla skilaði sér frá Old English Sheepdog
 - Lilja Dóra les skýrslu Shetland sheepdog
5. Stjórnarkjör: 27 manns með atkvæðisrétt eru mættir á fundinn.

Sæti Biru er laust – hún bíður sig ekki fram til áframhaldandi stjórnarsetu.
Sæti Svanborgar er laust - hún bíður sig ekki fram til áframhaldandi stjórnarsetu.

Sæti Guðríðar er laust – hún bíður sig fram til áframhaldandi setu.

Sunna ætti að sitja í eitt ár í viðbót, en sér sér ekki fært að sitja áfram og er búin að segja sínu sæti lausu.

Kosið verður því um 3 stjórnarmenn til 2 ára og einn tile ins árs.

6. Framboð til tveggja ára:

Guðríður Eva Þórarinsdóttir: IXXXXXXXXXXXXXXXXX = 22
Svava Björk Ásgeirsdóttir: IXXXXXX = 9
Sigurlaug Dahl Kristianssen: IXXXXXXXXX = 12
Heidi Line Olsen: IXXXXXXXXXXXXXXXXX = 22
Ólafur Smári Sævarsson: IXXXXXXXXXXXXX = 16

Framboð til eins árs:

Svava Björk býður sig ein fram og fær lófaklapp að launum.

7. Kosning tengiliða. Hilmar kynnir þá breytingu að kjósa beri tengilið fyrir hverja tegund á ársfundi hvers árs. Ef enginn býður sig fram sem tengilið tegundarinnar þá mun stjórn skipa tengilið á fyrsta fundi.
Australian Cattle Dog – Jóhanna er ein skráður eigandi hunda af tegundinni og því sjálfskipaður tengiliður

Australian shepherd: Systa býður sig áfram og enginn á móti henni, hún fær lófaklapp að launum

Bearded Collie: Ástríður er ein, með einn hund.

White Swiss: Hjördís býður sig fram áfram og enginn á móti henni, hún fær lófaklapp að launum.

Border Collie: Guðrún býður sig fram áfram og enginn á móti henni, hún fær lófaklapp að launum.

Briard: Valdís er ekki á fundinum en var búin að skila því til stjórnar að hún bjóði sig fram áfram. Enginn býður sig fram á móti og hún fær lófaklapp að launum.

Collie: Guðríður Magnúsdóttir er ekki á fundinum en var búin að skila því til stjórnar að hún sé tilbúin að halda áfram. Enginn býður sig fram á móti og hún fær lófaklapp að launum.

Corgie: Kristlaug býður sig fram áfram og enginn á móti henni, hún fær lófaklapp að launum.

OES: Enginn mættur a fundinn

Shetland Sheepdog: Lilja Dóra býður sig fram áfram og enginn á móti henni, hún fær lófaklapp að launum.

8. Önnur mál:

- Hjördís býður stjórn um að sækjast eftir gögnum vegan ræktunarreglna á WSS sem hún er fyrir löngu búin aðs endda inn á skrifstofu HRFI.

- Guðrún S. Sigurðardóttir ræðir framkvæmdina reglubreytingu er varðar

kosningu tengiliða. Að hver sem er sem egi hund af viðkomandi tegund geti komið og boðið sig fram og fengið einungis eitt atkvæði og jafnvel ekki getað borið fullar sannanir á því að hann egi lifandi hund á þessum tímapunkti eða hafi góða þekkingu á tegundinni. Eins er einstaklega óhennugt að ætla bara að kjósa tengilið tile ins árs. Guðrún biður stjórn um að koma óskum um breytingu á reglugerðinni til stjórnar HRFI.

- Dóttla spyr hvort að stjórn Fog Hhafi vitað af breytingunni en ekki komið henna til skila til félgsmanna.
Sunna svarar að hún og Birna hafi farið á fulltrúaráðsfund í október þar sem þetta var kynnt en þeim hafi láðst að senda póst á með stjórnendur eftir fundinn til uppfærslu og það hafi liðið nokkuð langur tími þar til að stjórn tókst að funda formlega og þá hafi þetta gleymst.
- Guðný Ísaksen benir á að stjórn F&H hefði átt að vita full vel af þessari breytingu og bendir á svar stjórnar HRFI við bréfi stjórnar FogH.
- Guðríður Eva vill koma á framfæri að þrátt fyrir að efnið hafi verið lengi til umræðu og Stjórn FogH hafi vel vitað að unnið væri að málinu þá hefði verið gott að nefndin sem vann að málinu hefði haft beint samband við stjórnir þeirra deilda sem varðar um málið til þess að fá athugasemdir varðandi nýja reglugerð og láta formlega vita þegar vinnunni væri lokið.
- Ólafur Smári kemur með athugasemd um að betra væri ef hægt væri að kjósa um tengilið til lengri tíma en eins árs.
Það eru allir sammála því.
- Lilja Dóra útskýrir hvernig hugmyndin fór af stað um breytingu með reglu tengiliða á sínum tíma
- Sunna Dís bendir á að Stjórn HRFI sé opin fyrir því að taka við hugmyndum frá Stjórn F&H um að lengja kjörtímabil á tengiliðum.
- Anna Björg bendir á að góð stjórnslá sé almennt að kynna sín mál og breytingar beint til þeirra sem málið varðar. T.d ef alþingi breytir dýraverndunarlögum þá myndi HRFI vilja fá um það beinan póst.
- Guðrún Sig. kynnir breytingar á nýjum Fjórþingaprófum og Smalaeðlisprófum. Gögn má finna á heimasíðu FCI.
Allmennt er orðið meira batterí að halda smalaeðlispróf en það var. Fyrst þarf hundurinn að ganga í gegnum hlíðni próf og skapgerðarmat áður en hann fær að koma nálægt kindunum. Það þarf fleyri kindur í hvert próf en áður og það þarf góða hundhelda girðingu/rétt fyrir kindurnar inn í annarri girðingu þar sem hundurinn er. Hundur þarf að vera að lágmarki 6 mánaða til að taka prófið.

Fundi slitið 21:40